

Nafn þátttakanda:      Rannsóknamiðstöð ferðamála, svarandi: Edward H. Huijbens

1. **Að hvaða rannsóknum og gagnasöfnun hefur stofnunin unnið á sviði ferðamála á síðastliðnum fimm árum (2006-2010)?** *(Vinsamlega gerið grein fyrir hverju og einu verkefni í stuttu máli og kostnaðinum við það. Látið koma fram hvenær verkefni var unnið, hver fjármagnaði og ef um samstarfsverkefni var að ræða hver aðkoma stofnunar var.)*

Hér að neðan eru talin þau verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur sinnt á undanförunum fimm árum. Byrjað er næst okkur í tíma þó ekki haldist fullkomin tímaröð þar sem mörg verkefni ná yfir fjölda ára. Að lokum eru tvær töflur með yfirliti yfir útgefið efni frá RMF frá 2006, sem einnig gefur hugmynd um þau verkefni sem unnin hafa verið.

### **1 - Storytelling and destination development**

Verkefnið var fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010. Markmið verkefnisins er að þróa notendavæna tækni sem getur gagnast við samskipti sögumanna og sagnaslóða á Norðurlöndum. Í þessu verkefni er skoðað sérstaklega hvernig sagnamennska fer fram, hvernig hún er skipulögð og hvort að sérstakur samskiptavettvangur gæti gagnast sagnamennsku á Norðurlöndum, eftt samvinnu milli hagsmunaaðila og bætt upplifun ferðafólks. Rannsóknamiðstöð ferðamála sá um íslenska hluta þessa verkefnis og skoðaði uppbyggingu slíkrar ferðamennsku í Borgarfirði með áherslu á Landsnámssetur í Borgarnesi. Einnig er lagt upp með framsetningu sagnahefða sem spratt uppúr verkefninu Destination Vikings Sagalands, sem styrkt var af NPP og lauk fyrir um fjórum árum.

Þáttökustofnanir eru eftirtaldar:

- BI Norwegian School of Management, Osló (Noregi)
- HANKEN School of Economics, Vasa (Finnland)
- Aalborg University (Danmörk)
- University West, Trollhättan (Svíþjóð)

Velta hluta RMF:      4.000.000

### **2 - Nordic Wellbeing - A health tourism approach to enhance competitiveness of Nordic tourism**

Verkefnið er fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010. Það snýst um að skoða innihald og framsetningu heilsuferðapjónustu á Norðurlöndum. Verkefnið snýr að því að skýra tengsl vellíðunar og heilsuferðapjónustu sem getur þá nýst ferðapjónustuaðilum í markaðssetningu. Sérstök áhersla er á Norðurlönd og hvort norræn vellíðan geti nýst sérstaklega sem vídd í markaðssetningu þá í gegnum upplifun ferðalanga af hugmyndinni um vellíðan. Rannsóknamiðstöð ferðamála sá um íslenska hlutann og skoðaði Jarðböðin í Mývatnssveit og

uppbyggingu heilsuferðapjónustu þar í kring og skoðar samhliða hugmyndir um heilsuferðapjónustu á landsvísu.

Þátttökustofnanir eru eftirtaldar:

- University of Joensuu, Centre for Tourism Studies (Finland)
- HANKEN School of Economics (Finland)
- Advance/1, Science Park (Danmörk)
- European Tourism Research Institute (Svíþjóð)
- Norwegian School of Management (Noregur)

Verkefnið mun halda áfram en verið er að móta það í upphafi árs 2011. Hefur verið send inn COST umsókn til Evrópusambandsins í samvinnu við háskólana í Exeter og Lissabon ásamt ofantöldum þátttökustofnunum í verkefninu.

Velta hluta RMF: 4.000.000

### **3 - Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðapjónustu – North Hunt verkefnið**

RMF er þátttakandi í fjögurra ára samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðapjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA (RHA) og Umhverfisstofnun eru einnig aðilar að verkefninu. Því lauk í upphafi árs 2011. Er um að ræða rannsóknir í því skyni að efla samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfisstofnun og háskólum í markaðssetningu og vöruþróun í ferðapjónustu í kringum skotveiðar. Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins styrkti verkefnið.

Þátttökustofnanir eru eftirtaldar:

- Ruralia stofnun háskólans í Helsinki og Haapavesi Vocational School (Finland)
- Macaulay Institute og Háskólinn í Aberdeen (Skotlandi)
- Landbúnaðarháskólinn í Svíþjóð, SLU (Umeå) og Rural Economy Development (Svíþjóð)
- Fjöldi svæðisbundinna hagsmunaaðila í þátttökulöndum fjórum

Velta hluta RMF: 15.000.000

### **4 - 19. samnorræn rannsóknaráðstefna í ferðamálafræði**

Dagana 22.-24. september 2010 bauð Rannsóknamiðstöð ferðamála til 19. samnorrænu ráðstefnunnar um rannsóknir í ferðamálafræði, en hún er haldin á hverju ári að hausti og fer á milli Norðurlandanna fimm. Undirbúningur hófst síðla árs 2009 en var í fullum gangi fram að ráðstefnudögum. Gestir ráðstefnunnar voru 125 og var hún haldin í nýju Menningarhúsi Akureyrarbæjar, Hofi. Heimasíða ráðstefnunnar er opin og er: <http://www.rmfi.is/19thNordicsymposium>.

Eftir ráðstefnuna er útgefin útdráttabók og hana er hægt að finna á heimasíðu RMF.

Samhliða ráðstefnunni var haldið námskeið fyrir dr.-nema við Háskólann á Hólum sem 10 nemar og aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar sóttu. Námskeiðið var fjármagnað af ráðstefnunni og skipulagt af Hólaskóla í samvinnu við RMF og þótti í alla staði vel heppnað.

Velta innan RMF: 12.000.000

#### **5 - Samstarf við háskóla í Póllandi**

Í lok árs 2009 fékkst styrkur í samstarfi við SWPR háskólann í Varsjá í Póllandi til að standa undir samstarfi við Rannsóknamiðstöðina sem felst í gagnkvæmri rannsóknavinnu og kennslu í löndunum tveimur. Sjóðurinn sem styrkurinn fékkst úr er fjármagnaður af EFTA og heitir Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy (FSS). Farnar hafa verið fimm ferðir til Póllands á árunum 2009, 2010 og 2011 til kennslu og rannsókna. Í þeim ferðum hefur stjórnun þjóðgarða verið skoðuð og skipulag heilsuferðamennsku.

Velta innan RMF: 1.000.000 (allar ferðir RMF eru greiddar af pólskum aðilumverkefnisins)

#### **6 - Stjórnunarhættir í ferðaþjónustu - framhald áformað**

Árið 2006 var gerð könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Helgi Gestsson, lektor við Viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við sama svið og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við sama svið, stóðu að framkvæmd könnunarinnar. Könnunin var gerð í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og úrvinnsla var á vegum HRM ráðgjafar. Skýrsla kom út í mars 2007. Vorið 2011 er verið að keyra þá könnun aftur til að fylgja eftir niðurstöðum fyrri könnunar og fá samanburð.

Velta innan RMF: 3.000.000

#### **7 - Ímyndir Íslands og Norðursins**

Um er að ræða verkefni sem hlaut öndvegisstyrk Rannís 2008 og er leitt af fræðafólki við ReykjavíkúAkademíuna. RMF leggur til þessa verkefnis rannsókn á þróun ímyndar Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem fór fram um ímyndasköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins. RMF skipulagði og hélt utan um fyrsta fund hópsins snemma árs 2009. Ítarlegum bókarkafli með niðurstöðum rannsóknar RMF á ímyndauppbyggingu og vörumerkjavæðingu Íslands í þágu ferðaþjónustu var endanlega skilað á árinu 2010 eftir ritrýningu og kemur út á miðju ári 2011.

Velta innan RMF: 750.000

## **8 – Aðferðafræði ferðamálarannsókna**

Frá árinu 2008 hefur RMF unnið að greiningu aðferðafræða í ferðamálum og þekkingarfræðilegs grundvallar þeirra í samstarfi við gestaprófessor Martin Gren frá Gautaborg. Er um að ræða bókarkafli og grein í fræðirit þar sem vandlega er farið yfir þekkingarfræðilegan grunn ferðamálafræða og hvernig hann nýtist til ímyndarannsókna.

Velta innan RMF: 500.000

## **9 – Könnun meðal brottfararfarþega í beinu flugi frá Akureyrarflugvelli**

Sumrin 2009 og 2010 stóð RMF fyrir ítarlegri brottfararkönnun á þremur tungumálum meðal allra erlendra gesta sem fóru með beinu millilandaflugi Iceland Express. Byggir sú vinna á því sem gert er í Keflavík meðal brottfararfarþega á vegum Rannsókna og Ráðgjafar ferðaþjónustunnar, en ítrekaðar óskir um samstarf hafa ekki borið árangur þó vilji sé fyrir hendi. Fyrirsjáanlegt er þó að sumarið 2011 muni Ferðamálastofa halda úti könnunum og mun RMF leita eftir samstarfi þar um.

Ekki hefur fengist neinn styrkur til þessa verkefnis frá hagsmunaaðilum á Eyjafjarðarsvæðinu. Sökum þess að RMF hefur ekki úr neinu fjármagni að spila, utan þess sem bundið er í tiltekin verkefni, þurfti að ráðast í þessa tilteknu könnun þar sem enginn útlagður kostnaður er við hana í ferðum, upphaldi eða launum til annarra en eru fastir starfsmenn RMF. Komið hafa út tvær skýrslur sem tíunda ítarlega rannsóknarvinnu á hlutverki flugvalla og flugsamgangna í svæðisbundinni markaðssetningu fyrir ferðaþjónustu og uppbyggingu greinarinnar.

Könnunin er gerð í samvinnu við ISAVIA á Akureyrarflugvelli, Viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu.

Velta innan RMF: 3.750.000

## **10 - SWIFT – Sustainable wilderness initiative for tourism**

Verkefnið var sett saman í tengslum við umsókn hjá Evrópusambandinu EC Enterprise and Networks árið 2009 og fjallar um víðernissvæði í Evrópu og hvernig best væri að innleiða viðmið sjálfbærni í fyrirtækjarekstur smáfyrirtækja sem gera út á náttúru víðernanna. Ekki hlaut styrkur til að vinna verkefnið en það hefur engu að síður verið grundvöllur að heimsóknum til Póllands þar sem unnið hefur verið í þjóðgarðinum í Tatra fjöllum.

Þátttökustofnanir eru eftirtaldar:

- Cyprus University of Technology (Kýpur)
- Dipartimento di Economia e Storia del Territorio (Department of Economics and History of the Territory), University of Chieti-Pescara (Ítalía)
- Tourism & Recreation Department; Warsaw Family Alliance for High Education (Pólland)
- Icelandic Vatnajökull National Park – tourism initiative,
- E-tour, Mid-Sweden University (Svíþjóð)

Velta innan RMF: 500.000

### **11 – Könnun meðal gesta orlofshúsa í Eyjafirði**

Sumarið 2009 var gerð ítarleg könnun meðal gesta orlofshúsa stéttarfélaga í Eyjafirði. Var markmiðið að skilja neysluhegðun þeirra, ferðahegðun og væntingar og mat á þjónustu á svæðinu. Var samliða gerð ítarleg heimildavinna um ferðavenjur Íslendinga og skýrsla gefin út. Fékkst styrkur til verksins úr rannsóknasjóði KEA.

Velta innan RMF: 2.000.000

### **12 - Matur úr héraði – EXPLORE verkefni**

Á vordögum 2009 voru unnin viðtöl meðal aðila í verkefninu Matur úr Héraði í Eyjafirði fyrir EXPLORE verkefnið sem Háskólinn í Reykjavík vann með styrk frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni. Var um að ræða útselda vinnu við að taka viðtölin en á grunni þeirra hefur RMF skrifað eina fræðigrein í samvinnu við Rannsóknamiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum um hlutverk staðbundinna matvæla í virðiskeðju og ímyndasköpun áfangstaða. Er hún í rýningu.

Velta innan RMF: 1.000.000

### **13 - Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum**

RMF vann í samvinnu við kanadíska ráðgjafa að kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu og stefnumótun byggða á henni í Þingeyjarsýslum árið 2008. Markmið þessa verkefnis er að tryggja grundvöll vöruþróunar og markaðssetningar ferðavöru á svæðinu.

Velta innan RMF: 500.000

### **14 - Verkefni fyrir Landsvirkjun, Landsnet og Landsvirkjun Power**

RMF hefur á árunum 2007 til 2009 unnið fimm verkefni fyrir Landsvirkjun, Landsnet eða Landsvirkjun Power fyrir milligöngu verkfræðistofunnar Mannvits. Snérust öll verkefni um áhrif virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu og útivist. Eitt verkefnið snéri að mati á áhrifum stækkunar á Kröfluvirkjun og tengdra línulagna á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Annað var

mat á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar Hagavatns sunnan Langjökuls. Það þriðja um byggingu álvers á Bakka við Húsavík. Fjórða rannsóknin var vegna lagningar Blöndulínu III og sú fimmta snéri að virkjunum á Þeistareykjasvæðinu og Gjástykki. Ítarlegar skýrslur hafa verið gefnar út vegna hvers þessara verkefna um samspil ferðamennsku, ferðaþjónustu og framkvæmda á náttúrusvæðum.

Velta innan RMF: 12.500.000

#### **15 - Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal**

RMF er þátttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal í samvinnu við heimafólk, hagsmunaaðila og ReykjavíkurAkademíuna frá árinu 2008. Er um nokkuð viðamikil og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti- og kennsluáðstöðu við jaðar Ódáðahrauns, þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema alls staðar að úr heiminum. Spurningin er hvernig ferðaþjónusta er þetta, hvernig er hægt að útbúa námskeið og námsefni á svæði sem þessu og hvað þarf að koma til.

Velta innan RMF: 500.000

#### **16 – Áhrif gagnagerðar á ferðaþjónustu og samfélag**

Í samvinnu við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri var unnin ítarleg könnun meðal ferðafólks sem leið átti um Fjallabyggð sumrin 2009 og 2010. Einnig voru á árinu 2010 tekin viðtöl við eigendur húsa í Fjallabyggð sem notuðu þau í frístundum, til að skilja betur áhrif frístundabúsetu á byggðarlög. Var allt verkefnið unnið með styrk frá Vegagerðinni og hefur fengist vilyrði um áframhaldandi styrk til 2014. Markmiðið er að skilja áhrif Héðinsfjarðargangna á byggðapróun og samfélag staðanna og horfir RMF á tvo þætti ferðaþjónustu, almenna gesti og frístundabúsetu. Þegar hafa verið unnir tveir bókakaflar og ein grein í fræðirit uppúr þessari vinnu.

Velta innan RMF: 500.000

#### **17 – Geótúrisimi og uppbygging ferðaþjónustu á jaðarsvæðum**

RMF hefur unnið með hagsmunaaðilum á Borgarfirði eystri og Hug- og félagsvísindasvið HA að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu síðan snemma árs 2008 og staðið fyrir vinnufundum, skipulagt vinnu og gert kannanir meðal ferðafólks á svæðinu sumarið 2010. Áherslan hefur verið á að skilja hvernig jaðarsvæði og fámenn byggðarlög geta lagt grunn að ferðaþjónustu og staðið í markaðssetningu með takmarkað fé. Tengist þetta víðari hugmyndum um aðkomu styrkjasjóða Evrópusambandsins að svæðisbundinni þróun og er RMF í samstarfi við starfshóp innan HA, sem vinnur að skilgreiningum og endurhugsun svæðaskiptingar landsins til að endurspeglar betur samfélags- og atvinnuþróun í landinu.

Velta innan RMF: 500.000

### **18 – Samgönguáætlun og ferðaþjónusta**

Í samvinnu samgönguhóp Háskólans á Akureyri var unnin ítarleg greinargerð á hlutverki samgangna fyrir ferðaþjónustu sem hluti af greinargerð hópsins um samgönguáætlun 2011-2020 í upphafi árs 2011. Tengist verkefnið öðru verkefni sem hófst á sama tíma og er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og varðar hlutverk samgangna á jaðarsvæðum fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og RMF er þátttakandi í því.

Velta innan RMF: 4.500.000

### **19 - Nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu**

Að ósk Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar kom RMF, í samvinnu við aðila á öllum Norðurlöndum, að því að greina nýsköpun í ferðaþjónustu og á hvaða forsendum hún verður. Markmiðið var að reyna að átta sig á hvaða nýsköpunarkerfi er virkjað í kringum nýsköpun í ferðaþjónustu sem ber ávöxt og ætti því að geta nýst sem hagnýtur leiðarvísir fyrir frumkvöðla í greininni með alþjóðlegri tilvísan. Lokaskýrslu var skilað til Norræna nýsköpunarsjóðsins 31. janúar 2008. Á grunni hennar auglýsti Norræni nýsköpunarsjóðurinn eftir verkefnum í ferðaþjónustu til að styrkja. RMF var aðili að fimm umsóknum af 107 sem komu í kjölfar auglýsingar sem byggði á niðurstöðum skýrslunnar. Tvær af þeim fimm sem RMF var aðili að hlutu styrk og hófst vinna við þau verkefni á árinu 2008 (sjá verkefni 1 og 2).

Samstarfsstofnanir voru:

- HANKEN School of Economics (Finnland)
- Advance/1, Science Park (Danmörk)
- European Tourism Research Institute (Svíþjóð)
- Norwegian School of Management (Noregur)

Velta innan RMF: 1.500.000

### **20 - Mat á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar**

RMF skipulagði og vann verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Markaðsskrifstofu Vestfjarða um að meta áhrif af svæðisbundinni markaðssetningu árið 2008. Kom Háskólinn á Hólum að framkvæmd rannsóknar. Rannsóknin var styrkt sérstaklega af Ferðamálastofu og var mikil vinna í viðtölum sem tekin voru um allt land og úrvinnslu þeirra á fyrri hluta árs. Rannsóknin snérist um að meta árangur af svæðisbundinni markaðssetningu markaðsskrifstofa og upplýsingamiðstöðva landshluta. Rannsóknin var þríþætt, í fyrsta lagi var starfsemi ólíkra markaðsstofa um landið skoðuð með tilliti til þess hvaða rekstrarform og skipulag virkar best og hvað hefur verið reynt í gegnum tíðina. Í öðru lagi var unnið að því að skilja framsetningu og uppbyggingu kynningarefnis landshluta, hvað virkar best í þeim efnum og hvaða ímynd er verið að setja fram. Í þriðja lagi var skoðað hvaða markhópa er mögulega verið að reyna að ná til með markaðssetningu og kynningarefni. Með haustinu var gefin út skýrsla.

Velta innan RMF: 2.500.000

### **21 – Klasar og svæðisbundin þróun í ferðaþjónustu**

Frá árinu 2006 til loka árs 2007 leiddi RMF starf ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Eftir að klasinn var lagður niður hóf RMF vinnu við að fylgja eftir störfum klasans sem og rýningu á hugmyndafræði vaxtarsamninga í samvinnu við Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA (RHA). Hefur sú rýni verið birt á fræðilegum vettvangi og enn er unnið að rýni á störf hins opinbera við innleiðingu stefnu í byggðaþróun á landinu.

Velta innan RMF: 2.500.000

### **22 - Skipurit ferðaþjónustu á Íslandi**

Verkefnið snýst um að greina hlutverk og starfsemi allra þeirra ólíku aðila sem koma að ferðaþjónustu á Íslandi. Þannig er markmiðið uppsetning á skipuriti sem sýnir hvernig aðilar innan hins opinbera, sveitarfélög og félagsamtök tengjast og starfa. Þetta rannsóknarverkefni er innan stjórnýslu eða stjórnunarfræða og var unnið í samvinnu við Ferðamálasamtök Íslands og voru tekin viðtöl við aðila innan greinarinnar árið 2007, byggt á þeim var gert skipurit árið 2007.

Velta innan RMF: 500.000

### **23 - Skemmtiferðaskipakomur til Íslands**

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 1993 við Háskóla Íslands en þá fór í gang rannsókn til þriggja ára meðal farþega á skemmtiferðaskipum sem hafði það að markmiði að átta sig á fjölda þeirra, hvað þeir aðhafast og hvað þeir skilja eftir sig. Árið 2004 fór önnur slík rannsókn til þriggja ára í gang og nú stendur yfir úrvinnsla úr þeim gögnum og gerð samanburðar bæði innan tímabils og milli þeirra tveggja sem um ræðir. RMF hefur byggt á þessari vinnu og vinnur nú 2011 að úttekt á tölfræði til 10 ára um skipakomur í höfnum og þróun þar á. Er það grundvöllur að vinnu við skipulag skipakoma í smærri hafnir og hvernig ferðaþjónusta getur byggst upp í kringum það, svokallað *port readiness programme* á ensku. Hefur RMF verið aðili að umsóknum á bæði Norðurslóðum og innan Evrópusambandsins varðandi þróun skipasiglinga á N. Atlantshafi, nú síðast árið 2010.

Velta innan RMF: 500.000



#### **24 - Jeppar á hálendi Íslands og umferðamenning**

Árið 2006 var unnið í samvinnu við Háskóla Íslands verkefni er snerist um ferðalög Íslendinga og útlendinga á hálendi Íslands í jeppum og breyttum bílum og notkun bíla sem samgöngutækja á Íslandi. Spurt var hvernig ferðaþjónusta kringum jeppa hefur þróast, hvernig fólk notar jeppana og hvaða hlutverki hálendið gegnir og einstakir áfangastaðir þar í jeppaferðum. Þannig er bæði um að ræða félagsfræðilega nálgun sem og viðskiptafræðilega þar sem velt er upp spurningum um mótun virðisikeðju og nýsköpun í vaxandi atvinnuvegi, bæði í ferðaþjónustu og jeppabreytingum.

Velta innan RMF: 500.000

#### **25 - Hagræn áhrif ferðaþjónustu – Kortlagning á svæðisbundnum áhrifum ferðamennsku**

Árið 2006 vann RMF í samstarfi við Ásgeir Jónsson hagfræðing að greiningu hagrænna áhrifa ferðaþjónustu – greint eftir svæðum á Íslandi. Styrktaraðilar voru Byggðastofnun, Háskólasjóður KEA, Rannsóknarsjóður HA og Markaðsskrifstofa Norðurlands.

Velta innan RMF: 2.500.000

#### **26 - Menning og ferðaþjónusta – Eyjafjörður**

Unnin var könnun í samstarfi við Háskólann á Hólum árið 2006 um menningartengda ferðaþjónustu í Eyjafirði. Framkvæmd og úrvinnsla könnunar var í höndum RMF, sem og skýrslugerð.

Velta innan RMF: 2.000.000

Hér að neðan í töflu 1 eru taldar þær skýrslur sem RMF hefur gefið út síðan 2006. Af titlum þeirra má ráða hvað var rannsakað í hverju tilfalli. Að auki eru taldi höfundar, útgáfuár, ISBN númer og ritraðarnúmer RMF og blaðsíðufjöldi skýrslanna.

**Tafla 1:** Útgefnar skýrslur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála frá hausti 2006

Ár	Númer	Höfundar	Titill	Bls.
2006	FMSÍ-S-01-2006 ISBN: 978-9979-834-55-7	Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson	Hagræn áhrif ferðaþjónustu – greint eftir svæðum á Íslandi	50
2007	FMSÍ-S-01-2007 ISBN: 978-9979-834-56-4	Arney Einarsdóttir, Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, Ingi Rúnar Eðvarðsson og Helgi Gestsson	Stjórnunarhættir í íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum	105
2007	FMSÍ-S-02-2007 ISBN: 978-9979-834-57-1	Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir	Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði	81
2007	FMSÍ-CD-01-2007 ISBN: 978-9979-834-66-3	Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson	The 14 <sup>th</sup> Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research	
2008	FMSÍ-S-01-2008 ISBN: 978-9979-834-61-8	Edward H. Huijbens	Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á þeistareykjum og háspennulínu frá Kröflu að Bakka við Húsavík á ferðaþjónustu og útivist	73
2008	FMSÍ-S-02-2008 ISBN: 978-9979-834-63-2	Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir	Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist	47
2008	FMSÍ-S-03-2008 ISBN: 978-9979-834-65-6	Hrefna Kristmannsdóttir	Jarðhitaauðlindir – Tækifæri til atvinnusköpunar og byggðaeftirlingar á Norðausturlandi með heilsutengdri ferðaþjónustu	52
2008	FMSÍ-S-04-2008 ISBN: 978-9979-834-67-0	Edward H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Svæðisbundin markaðssetning: Aðferðir og leiðir	72
2008	FMSÍ-S-05-2008 ISBN: 978-9979-834-68-7	Eyrún Jenný Bjarnadóttir	Ferðavenjur Íslendinga um Norðurland að vetri	41
2008	RMF-S-06-2008 Er CD-ROM	Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.)	Rannsóknir í ferðamálum. Erindi flutt á Þjóðarspegli 2007 og 2008, CD-ROM.	
2009	RMF-S-01-2009 ISBN: 978-9979-834-71-7	Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir	Mat á áhrifum Kröfluvirkjunar II á ferðaþjónustu og útivist	41
2009	RMF-S-02-2009 ISBN: 978-9979-834-73-1	Rannveig Ólafsdóttir, Kristín Rut Kristjánsdóttir, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Árni Bragason	Umhverfisvitund og umhverfisstjórnun í ferðaþjónustu. Viðhorf ferðaþjónustuaðila og ferðamanna til umhverfisstjórnunar og vistvænnar vottunar í og við Vatnajökulsþjóðgarð	80
2009	RMF-S-03-2009 ISBN: 978-9979-834-88-5	Gunnþóra Ólafsdóttir	Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist	125
2009	RMF-S-04-2009 ISBN: 978-9979-834-74-8	Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir	Mat á áhrifum álvers á Bakka á ferðamennsku	75

2009	RMF-S-05-2009 ISBN: 978-9979-834-89-2	Edward H. Huijbens	Nature-based tourism in Tatra National Park – Challenges and opportunities	64
2009	RMF-S-06-2009 Er CD-ROM	Ingjalundur Hannibalsson (ritstj.)	Rannsóknir í ferðamálum. Erindi flutt á Þjóðarspegli 2007, 2008 og 2009, CD-ROM.	
2009	RMF-S-07-2009 ISBN: 978-9979-834-90-8	Martin G. Gren og Edward H. Huijbens	Images, the social and earthly matters in Tourism Studies	110
2010	RMF-S-01-2010 ISBN: 978-9979-834-76-2	Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason	Millilandaflug um Akureyrarvöll – Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2009	74
2010	RMF-S-02-2010 ISBN: 978-9979-834-78-6	Enginn höfundur	Creative Destinations in a Changing World – Book of Abstracts 19th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research	126
2010	RMF-S-03-2010 ISBN: 978-9979-834-79-3	Björg Árnadóttir	Iceland country report Storytelling at the Settlement Centre of Iceland	67
2010	RMF-S-04-2010 ISBN: 978-9979-834-85-4	Edward H. Huijbens	Ferðafólk og Geótúrismi í nágrenni Dyrfjalla	44
2010	RMF-S-05-2010 ISBN: 978-9979-834-86-1	Edward H. Huijbens	Iceland country report The Mývatn region as a possible Nordic wellbeing destination	94
2010	RMF-S-06-2010 ISBN 978-9979-834-93-9	Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens	Orlofshús og –íbúðir í Eyjafirði Könnun meðal gesta sumarið 2009	65
2010	RMF-S-07-2010 ISBN: 978-9979-834-91-5	Katrín Anna Lund, Karl Benediktsson & Taina Anita Mustonen	The Eyjafjallajökull eruption and tourism: Report from a survey in 2010	22
2011	RMF-S-01-2011 ISBN: 978-9979-834-94-6 ISSN: 1670-8857	Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens	Millilandaflug um Akureyrarflugvöll – Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2010.	93
2011	RMF-S-02-2011	Edward H. Huijbens	Heilsa og vellíðan í Austur-Póllandi – heilsuþorp, böð og landslagsgarðar	

Auk þessara skýrslna hefur RMF birt niðurstöður rannsóknaverkefna í öðrum sameiginlegum skýrslum gefnum út af t.d. Norrænu Nýsköpunarmiðstöðinni, Ruralia stofnun Háskólans í Helsinki og danska tækniháskólanum (DTU). Of langt mál er að telja að auki birtingar í ritstýrðum/ritrýndum bókum og birtingar í ritrýndum fræðiritum. Yfirlit má finna í töflu 2 að neðan og er fylgiskjal um hvað stendur á bakvið þessar tölur viðhengt.

**Tafla 2:** Samtals útgefið efni frá RMF í samhengi starfsfólks og veltu í milljónum kr.

	Skýrslur	Bls í skýrslum	Hlutar af öðrum skýrslum	Greinar	Starfsfólk	Fyrirlestrar innanlands	Fyrirlestrar á alþj. ráðstefnum	Velta
2006	1	50	2	4	0,5	0	1	17
2007	3	186	2	7	2,5	6	4	18,5
2008	7	285	1	8	3,5	13	9	31
2009	6	475	0	14	3,5	15	14	29
2010	7	492	5	7	3,0	18	14	29
2011	2	150	0	7	2,5	6	7	20
<b>Samtals</b>	<b>26</b>	<b>1638</b>	<b>10</b>	<b>47</b>		<b>58</b>	<b>49</b>	<b>144,5</b>

2. **Hvaða rannsóknarverkefni og gagnasöfnun á sviði ferðamála er verið að vinna hjá stofnuninni á þessu ári (2011) og hvaða verkefni eru fyrirhuguð á næsta ári (2012)?** (*Vinsamlega gerið grein fyrir hverju og einu verkefni í stuttu máli líkt og í spurningu 1, áætluðum kostnaði, fjármögnunaraðilum og samstarfsaðilum ef einhverjir eru.*)

### 1 - Nýtt NPP verkefni – Rural Transport

Á haustdögum hófst verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem RMF leiðir á Íslandi um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Markmið verkefnisins er að þróa nýjungar í samgöngum fyrir svæði á jaðri Norður-Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía Skota, Íra og Norður-Íra og mun leitast við að bæta net almenningsamgangna og upplýsingagjöf þar um. Þannig stendur til að þróa:

- Nýjar leiðir fyrir ferðaþjónustu sem mætir árstíðarsveiflum og tengist flugsamgöngnum
- Samnýting leiða fyrir flutning á vistum til áfangastaða og sorphirðu og endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum netið og farsíma

Samstarfsstofnanir eru:

- Svíþjóð – Sænska Vegagerðin (verkefnisstjórn), Sveitarfélagið í Härjedalen, Destination Lofsdalen Ltd og Destination Funäsfjällen Ltd.
- Skotland – HITRANS
- Norður-Írland – Háskólinn í Ulster, Action Renewables Ltd.
- Írland – Clare County Council

Velta innan RMF: 4.500.000

## **2 – Úttekt á væntingum og hugmyndum ferðalanga um Ísland, fyrir og eftir ferð**

Unnið er í samvinnu við HÍ, Lancashire háskóla, og háskólann á Prince Edward eyju í Kanada að Rannís umsókn um þróun ferðaþjónustu á eyjum og einnig hvernig mögulegir gestir þeirra taka ákvörðun um ferð. Undirbúningur hófst 2009 og hafa þegar tvær fræðigreinar verið birtar á grunni rannsókna er tengjast verkefninu. Verkefnið snýr að rýningu á hvötum virkar eftirspurnar kaupanda og hvernig ferðakaupin standast væntingar. Mun Icelandair vera í samstarfi við verkefnahópinn en Rannís umsókn verður skilað inn 1. júní 2011.

Verkefnið er hugsað til þriggja ára og yrði velta innan RMF: 3.500.000

## **3 – Frumvinnsla á kortlagningu auðlinda og innviða ferðaþjónustu í samvinnu við heimafólk kringum Mýrdalsjökul.**

Unnið er í samvinnu við heimafólk, Ferðamálastofu, Landmælingar, Umhverfisstofnun, Háskóla Íslands og fleiri að því að skilgreina og móta vinnulag við kortlagningu innviða og auðlinda ferðaþjónustu. Er slík kortlagning grundvöllur vöruþróunar og stefnumótunar fyrir ferðaþjónustu. Í henni felst ítarleg úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á svæðinu í samvinnu við lykilhagsmunaaðila. Þessi úttekt snýr að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu, þjónustuinnviðum, samgöngum og mannauði svæðisins. Er lagt til að þessir þættir verði kortlagðir í landfræðileg upplýsingakerfi, líkt og gert hefur verið á hálendisvæðum í tengslum við vinnu vegna landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku á hálendi. Með hagnýtingu landfræðilegrar upplýsingatækni er ferðaþjónustu gert kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Gögnum verður aflað með hnitsetningu og skráningu og sett í grunninn og síðan kynnt heimafólki myndrænt á röð funda. Landfræðileg upplýsingakerfi gefa einnig möguleika á að leggja saman og bera saman einstök gagnasöfn og kort og eru þannig ómetanleg þegar kemur að vöruþróun, þar sem hægt er að átta sig á hvar mest aðdráttarafl og þjónusta er fyrir hendi og hvernig það er samansett, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu. Þannig er mögulegt, á grunni úttektarinnar, að þróa vörupakka sem byggja á sérstöðu svæðisins.

Velta innan RMF: 3.000.000 árið 2011

## **4 – Könnun meðal ferðafólks sem fer með beinu flugi Iceland Express frá Akureyri**

Sumarið 2011, sem og 2012 verður haldið áfram að kanna ferðavenjur, kauphegðun og upplifun farþega sem fara frá Akureyri með beinu millilandaflugi.

Velta innan RMF 1.500.000 árið 2011

### **5 – Könnun meðal ferðafólks í Mývatnssveit**

Sumarið 2011 verður gerð könnun meðal ferðafólks í Mývatnssveit í samstarfi við heimafólk. Er könnunin byggð upp á svipaðan hátt og flugvallarkönnunin og er ætlun hennar að spegla því sem gerist í raun á einstökum áfangastöðum. Ekki er neitt fjármagn í þetta en þetta er unnið innanhúss.

Velta innan RMF: 500.000 árið 2011

### **5 – Könnun meðal ferðafólks á Borgarfirði Eystri**

Sumarið 2011 verður gerð könnun meðal ferðafólks á Borgarfirði Eystri í samstarfi við heimafólk. Er könnunin byggð upp á svipaðan hátt og flugvallarkönnunin og er ætlun hennar að spegla því sem gerist í raun á einstökum áfangastöðum. Verið er að vinna að styrkumsóknum með heimafólki og ef af verður væri og um að ræða viðtöl við ferðabjónustuaðila á Héraði og greiningu tækifæra á svipuðum grunni og kortlagning innviða sem var rædd hér að ofan (sjá 3).

Velta yrði innan RMF: 2.500.000

### **6 – Áhrif gagnagerðar á ferðabjónustu og samfélag**

Í samvinnu við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri er unnið með styrk frá Vegagerðinni að skilja áhrif Héðinsfjarðargangna á byggðabróun og samfélag Fjallabyggðar og horfir RMF á tvo þætti ferðabjónustu, almenna gesti og frístundabúsetu. Nú eftir að gögnin hafa verið opnuð verður áfram fylgst með breytingum í byggðarlaginu, en þegar hefur staða mála fyrir opnun gangnanna verið tekin út.

Velta innan RMF: 500.000

### **3. Eru einhver önnur rannsóknarverkefni en þau sem upptalin eru í 2. spurningu sem þið mynduð vilja vinna að á næsta ári (2012) en ekki hefur náðst að fjármagna?**

a. Ef já, hvaða?

Áhugi er að vinna frekari rannsóknir á hagrænum áhrifum ferðabjónustu í framhaldi þeirrar vinnu sem gerð var 2006 og til þess hefur umsókn verið send til Norrænu ráðherranefndarinnar í samvinnu við Linköpping háskóla. Upphæð umsóknar er 960.000 DKK.

Áhugi er að vinna að heilðrænni kortlagningu á innviðum og auðlindum ferðabjónustu á Íslandi í samvinnu við hagsmunaaðila í ferðabjónustu á hverju svæði sem skilgreint er sem verksvæði. Er áætlað að slík vinna kosti um 50.000.000 ISK.

Áhugi er að vinna að vöruþróun og uppbyggingu ævintýraferðamennsku á Íslandi í samvinnu við Skotland, Noreg og Kanada. Til þess hefur RMF verið aðili að vinnu í samvinnu við Lochaber skólann í Skotlandi, Thompson Rivers University í Kanada og ferðabjónustuaðila á Höfn, á

Grænlandi og Noregi. Styrkumsókn hefur verið send til Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins og fyrir eins árs undirbúning er hlutur RMF 20.000 EUR.

b. Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið/verkefnin?

75.000.000 kr.

#### 4. Hefur verið mörkuð rannsóknarstefna á sviði ferðamála hjá stofnuninni?

a. Ef já, hver er stefnan?

Í samvinnu við rannsakendur í ferðamálum við háskóla landsins og byggt á greiningu á rannsóknarþörf innan greinarinnar, sem unnin var af Rannís 1995 og Ferðamálastofu 2006, hefur RMF tekið saman rannsóknáætlanir á þremur sviðum sem taka eiga til rannsókna á ferðamennsku á Íslandi. Þær fjalla um hagræn áhrif ferðamennsku, menningu og ferðaþjónustu og ferðamennsku og umhverfi. Heildarsýn og skipulag í rannsóknum fyrir atvinnugreinina skortir, en eins og er starfar óverulegur fjöldi ólíkra einstaklinga innan ýmissa fræðasviða og stofnanna að rannsóknum sem snerta ferðamennsku. Áætlanirnar þrjár hafa það markmið að samhæfa rannsóknir og skapa yfirsýn með því að byggja upp net samvinnu og samstarfs milli hinna ólíku fræðasviða og stofnanna. Hér á eftir verður farið yfir hverja þeirra.

##### **Hagræn áhrif ferðaþjónustu**

Höfuðmarkmið þessarar áætlunar er að fá gleggri heildarsýn á áhrif gestakoma á mismunandi þætti stoðkerfis atvinnugreinarinnar og um leið stuðla að heildarskilgreiningum á atvinnugreininni, sem gagnast gætu við frekari hagtölugreiningar á landsvísu. Eitt helsta verkefni stjórnvalda er að stilla saman arðsemi, byggðastefnu og náttúruvernd þegar kemur að áhrifum ferðamanna á landið og er skilningur á samspili innviða greinarinnar frumforsenda þess að slíkt verkefni takist. Einnig mun þetta verkefni hjálpa greininni sjálfri að taka réttar ákvarðanir til að bæta afkomu og að sama skapi að hjálpa fjárfestum og lánveitendum að þjóna greininni betur. Öflugar rannsóknir er lúta að hagrænum áhrifum ferðaþjónustu eru forsenda stefnumótunar, áætlanagerðar og markaðssetningar í greininni. Sömuleiðis hefur vantað öflugra ráðgjöf við aðila í ferðaþjónustu. Forsenda slíkrar starfsemi byggir á greinargóðum upplýsingum og rannsóknum um hvað verður um það fé sem ferðafólk skilur eftir sig.

Rannsóknaráætlun liggur fyrir

##### **Menning og ferðaþjónusta**

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna er lúta að menningu og ferðaþjónustu á Íslandi. Markmið hennar er að skilja samspil samfélags, menningar og ferðaþjónustu t.a.m. hvaða áhrif uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu hefur á menningararfinn og sjálfsmynd Íslendinga en jafnframt hvaða áhrif gestakomur hafa á íbúa landsins.

Rannsóknaráætlun liggur fyrir

##### **Ferðamennska og umhverfi**

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að ferðamennsku og umhverfi á Íslandi. Markmið hennar er að efla þekkingu á hvernig háttá skal nýtingu umhverfis á sjálfbæran hátt í þágu ferðamennsku. Rannsóknir þarf að efla með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið,

skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnanna og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýtt til styrkingar meginauðlindar atvinnugreinarinnar, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun eflid.

Rannsóknaráætlun liggur fyrir

- b. Ef nei, hvert ætti hlutverk stofnunarinnar að vera á sviði gagnaöflunar, kannana og rannsókna fyrir ferðaþjónustuna að ykkar mati?

5. **Hvar liggja styrkleikar rannsóknarumhverfisins á sviði ferðamála að ykkar mati?** *(Nefnið allt að 5 atriði.)*

1. Í góðu aðgengi að ferðafólki gegnum Keflavíkurflugvöll
2. Að allt að helmingur umsvifa í greininni er í höndum fárra öflugra ferðaþjónustufyrirtækja
3. Aðgengi að fyrirtækjum í greininni gegnum SAF
4. Góðum grunngögnum, s.s. í hagtölum og víðar
5. Góðu aðgengi að stjórnýslu og stefnumótun

6. **Hvar liggja veikleikar rannsóknarumhverfisins á Íslandi á sviði ferðamála að ykkar mati?** *(Nefnið allt að 5 atriði.)*

1. Skortur á hæfum rannsakendum.
2. Skortur á skilningi á eðli rannsókna, innihaldi og mun á góðum og slæmum rannsóknum.
3. Gagnrýnisleysi á upplýsingar, hvernig þeirra er aflað og þær framsettar.
4. Skortur á aðgengi að könnunargögnum og grunngögnum sem aflað er og aðrir gætu unnið frekar með. T.d. gagnagrunnar kannana á Leifsstöð sem rannsakendur geta ekki fengið aðgengi að til að vinna með frekar, þ.e. umfram þarfir fyrirtækja.
5. Að ekki sé veitt fjármagn til að byggja upp rannsókn- og þekkingargrunn sem væri opinn og miðlægur öllum en óháður stofnunum stjórnýslu, fyrirtækjum og hagsmunaaðilum.

7. **Hvað finnst ykkur um stofnanaumhverfi í rannsóknargeira ferðaþjónustunnar og hvernig mynduð þið vilja sjá hið opinbera rannsóknarumhverfi þróast á næstu misserum?** *(Vinsamlega gerið grein fyrir því hvaða fyrirkomulag þið teljið henta best þar á meðal með tilliti til samvinnu og fármögnunar.)*

Ég myndi segja að ekki sé fyrir hendi stofnanaumhverfi rannsókna í ferðaþjónustu. Það er afar óljóst hver gerir hvað, ef frá eru taldir hliðarreikningar Hagstofu Íslands og svo verkefni RMF, sem ráðast algerlega af því hvar finnst fé og eru því ekki markviss né skipulögð. Innan



háskólanna er verið að vinna á svipuðum nótum og hjá RMF, þ.e. eftir áhugasviði kennara og þar sem fjármagn finnst og því afar tilviljunarkennt hvað kemst að. Í háskólunum þurfa rannsakendur að forgangsraða tíma sínum m.t.t. kennsluskyldu og gengur þjónusta við nemendur þar fyrir á kostnað rannsóknastarfsins. Það þýðir að mjög erfitt er að halda uppi samfelldu rannsóknarstarfi innan veggja skólanna a.m.k. að vetri. Aðrar rannsókir felast að mínu viti í gagnaöflun þar sem Íslandsstofa, Ferðamálastofa, SAF og ýmis sveitarfélög eða samtök hagsmunaðila kaupa kannanir af einkaaðilum.

Í ljósi þess hvað mikilvægt er fyrir atvinnugreinina að undir henni standi markviss þekkingaruppbygging sem er öllum opin og aðgengileg, er lagt til komið verði á fót rannsóknastofnun ferðaþjónustunnar. Þar er fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF), sem þegar er samvinna Ferðamálastofu, SAF, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum. Sjávarútvegurinn hefur Hafrannsóknastofnun, landbúnaðurinn hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins (nú Landbúnaðarháskóli Íslands), orkugeirinn hefur ÍSOR, Landsvirkjun og Orkustofnun. Í þessum greinum er myndarlega staðið á bakvið uppbyggingu með öflugum rannsóknum og var varið rúmum 12,7 milljörðum í þær árið 2007. Til samanburðar eru framlög þeirra sem að RMF standa um 12 milljónir (sjá töflu 3).

**Tafla 3:** Framlög á ári til RMF<sup>1</sup>

Aðili	Framlag
Háskóli Íslands	2.000.000 kr.
Háskólinn á Akureyri	1.000.000 kr.
- menntamálaráðuneyti	5.000.000 kr.
- aðstaða	1.100.000 kr.
Háskólinn á Hólum	750.000 kr.
Ferðamálastofa	2.000.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>11.850.000</b>

Þau grunnframlög, sem talin eru fram í töflu 3, eru rúmlega tvöfölduð með sókn í samkeppnissjóði, mest erlenda sjóði. Þannig er heildarvelta RMF 28 milljónir árið 2009 og 29 milljónir 2010, eða 28% af heildaframlögum til rannsókna í greininni þau ár.

Ljóst má vera af ofangreindu að rannsóknir í ferðaþjónustu njóta engan veginn sannmælis og hafa enga burði til að standa undir vexti atvinnugreinar, sem skapar nú um 17% af útflutningstekjum landsins, stendur undir um 8.500 störfum og er um 5% af vergri þjóðarframleiðslu. Í því ljósi er lagt til að rannsóknir í greininni verði eflar með því að koma Rannsóknamiðstöð ferðamála á fjárlög á grundvelli samnings um sjálfstæðar rannsóknir í þágu greinarinnar. Fyrirmyndin að slíku samkomulagi gæti verið rekstrargrunnur E-tour í Svíþjóð, sem sett var á fót fyrir um 15 árum. Með framlagi af fjárlögum fengi stofnunin grunn til að standa að markvissri þekkingaruppbyggingu á grunni t.d. þeirra áherslna sem koma út úr þeirri vinnu sem

<sup>1</sup> Framlög hafa haldist óbreytt frá stofnun 1999

Þessi könnun er hluti af. Þann grunn þarf að byggja og miðað við stefnu RMF í rannsóknum, sem lýst er í svari við spurningu 4, gæti hann byggst á fyrirkomulagi sem lýst er í töflu 4.

**Tafla 4:** Hlutverk og kostnaður starfsmanna RMF samkvæmt tillögu um framtíðarskipulag.

Starfsmaður	Hlutverk	Kostnaður á ári – laun og launatengd
Forstöðumaður	Hlutverk forstöðumanns er ut anumhald um allan daglegan rekstur, stefnumótun og mörkun áherslna í rannsóknum.	6.250.000 kr.
Sérfræðingur A	Þessi sérfræðingur mun leiða rannsóknir á sviði <b>hagrænna áhrifa ferðaþjónustu</b> á grundvelli fyrirbyggjandi rannsóknáætlunar um uppbyggingu grunnrannsókna og sértækari rannsókna þeim tengdum. Mun þessi starfsmaður starfa náið með SAF, Ferðamálastofu og Hagstofu, auk fræðafólks á sviðinu.	6.250.000 kr.
Sérfræðingur B	Þessi sérfræðingur mun leiða rannsóknir á samspili <b>ferðaþjónustu og umhverfis</b> á grundvelli fyrirbyggjandi rannsóknáætlunar um uppbyggingu grunnrannsókna og sértækari rannsókna þeim tengdum. Mun þessi starfsmaður starfa náið með Umhverfisstofnun, Landmælingum auk fræðafólks á sviðinu.	6.250.000 kr.
Sérfræðingur C	Þessi sérfræðingur mun leiða rannsóknir á samspili <b>samfélags, menningar og ferðaþjónustu</b> á grundvelli fyrirbyggjandi rannsóknáætlunar um uppbyggingu grunnrannsókna og sértækari rannsókna þeim tengdum. Mun þessi starfsmaður starfa náið með rannsóknastofnunum í félagsvísindum, s.s. Félagsvísindastofnun, Mannfræðistofnun, Rannsóknastofnun í kvenna og kynjafræðum o.fl.	6.250.000 kr.
Aðstoðarmaður	Mun þessi starfsmaður hafa það hlutverk að aðstoða sérfræðinga og forstöðumann um gagnaöflun og einnig halda utan um heimasíður og kynningarefni á vegum RMF.	5.000.000 kr.
Bókhald	Mun þessi starfsmaður halda utan um allar fjárreiður stofnunarinnar, sem og fjárreiður rannsóknaverkefna sem unnin eru með styrkjum frá utan aðkomandi aðilum. Starfsmaðurinn myndi einnig sinna móttöku á RMF sem og bókunum vegna ferða og annars tilfallandi.	5.000.000 kr.
<b>Samtals kostnaður</b>		<b>35.000.000 kr.</b>

Gert er ráð fyrir að starfsemi RMF verði við háskóla hér á landi og að starfsmenn geti verið búsettir þar sem öflugt háskólastarf er fyrir. Gert er ráð fyrir að sérfræðingar séu fræðafólk með reynslu og PhD að lágmarki. Ef slíkir einstaklingar fást til starfa má búast við að hver þeirra geti á

tiltölulega stuttum tíma náð í rannsóknarstyrki sem myndu koma jafnt til móts við framlag hins opinbera til launa og launatengdra gjalda.

Til þess að af markvissri þekkingaruppbyggingu og rannsóknastarfi ferðamálum geti orðið í þarf 35.000.000 kr. af fjárlögum en með þeim væri hægt að vinna markvisst eftir þeirri forskrift sem lögð er fram hér að ofan. Gert er ráð fyrir að afrakstur þessara verkefna verði ýmiss konar:

- Kennslufni og handbækur
- Þróun námskeiða og námsbrauta í símenntun og almennu námi
- Útgáfa fræðigreina í íslenskum og erlendum fræðiritum
- Útgáfa rannsóknaskýrsla
- Ráðstefnur og fundir fyrir fræðafólk og ferðapjónustuaðila
- Efling grunngerðar ferðamála
- Aukin þekking í ferðapjónustu sem leiðir til betri ákvörðunartöku

#### 8. Hvaða hlutverki teljið þið að Ferðamálastofa eigi að gegna í rannsóknarumhverfi ferðapjónustunnar?

Ferðamálastofa ætti að geta haldið utan um þau gögn sem aflað er og gert þau aðgengileg í samvinnu við Landsbókasafn. Mikilvægt er að flokkun og utanumhald gagna sé samræmd og unnin í samvinnu við fagfólk í skjalagæslu og bókaöverslu. Ferðamálastofa er sá aðili sem ætti að móta áherslur um framkvæmdir við og varðveislu áfangastaða, vera einskonar varðhundur auðlindar íslenskrar ferðapjónustu. Á þeim grunni gæti Ferðamálastofa gengist fyrir því að fela ýmsum aðilum vinnu við þær rannsóknir sem liggja þurfa til grundvallar framkvæmdum við og varðveislu áfangastaða.

#### 9. Að hvaða gagnasöfnun eða rannsóknarverkefnum á sviði ferðamála teljið þið brýnast að vinna á næstu fimm árum (2012-2016)? (Nefnið allt að tíu verkefni.)

1. Greining á ferðahegðun og neyslumynstri innlendra og erlendra ferðalanga, en í því felst að:
  - a. Kanna neyslu og neysluvenjur innlendra sem erlendra ferðalanga
  - b. Meta og greina hvata virkar eftirspurnar – markaðsrannsóknir á upprunasvæðum
  - c. Greina forsendur og útreikninga hliðarreikninga Hagstofu
2. Efnahagslegt stoðkerfi ferðapjónustu og innviði, en í því felst:
  - a. Greining á innviðum ferðapjónustu
  - b. Greining á stoðkerfi ferðapjónustu og nýsköpunarkerfum
  - c. Skilgreining atvinnugreinar
3. Stefnumótun og framtíðarsýn ferðapjónustu (e. *strategic planning*) samræmt milli landshluta, en í því felst:
  - a. Úttekt á íslenskri ferðapjónustu eftir landshlutum
  - b. Greining á rekstrarumhverfi ferðapjónustufyrirtækja
  - c. Greining og kortlagning á auðlindum og innviðum ferðapjónustu
4. Frumkvöðlastarf, nýsköpun og stjórnunarhættir, en í því felst að greina:
  - a. Stjórnunarhætti í íslenskri ferðapjónustu

- b. Hvata frumkvöðla
  - c. Brúa bil fræða og vöruþróunar eftir landshlutum
  - d. Hlutverk ólíkra aðila og stofnanna í nýsköpun og vöruþróun
5. Kortleggja margfeldisáhrif ferðapjónustu eftir svæðum á Íslandi (e. *mapping the multiplier*), en í því felst:
- a. Áhersla á viðtöl við rekstraraðila ferðapjónustu á ákveðnum svæðum til að skoða tekjur og ráðstöfun fjármuna, hvar eru birgjar
  - b. Greining á virðis- og framleiðslukeðjum greinarinnar (e. *supply and value chain analysis*).
6. Áhrif ferðapjónustu/ferðamennsku á menningu og samfélag, en í því felst að greina:
- a. Ímynd Íslands (þróun vöruheitis (e. *branding*))
  - b. Myndun, mótun og markaðssetning menningar og menningararfleiðar
  - c. Sögu ferðapjónustu á Íslandi
  - d. Samfélagsleg þolmörk – samfélagsleg sjálfbærni
  - e. Menningarleg áhrif ferðapjónustu
  - f. Hugmyndir menningargeirans um hlutverk sitt í ferðapjónustu
  - g. Væntingar og viðhorf Íslendinga til ferðafólks og þjónustu við það
  - h. Menning, ferðapjónusta og byggðapróun
7. Framboð, nýsköpun og vöruþróun í menningarferðapjónusta á Íslandi, en í því felst að skoða:
- a. Mat – handverk – söfn – fræðasetur – sögusýningar – hátíðir og viðburði – tónlist – atvinnuvegasýningar – leiksýningar og listir.
  - b. Væntingar og tengsl menningastofnanna við ferðapjónustu
  - c. Frumkvöðlastarf á sviði menningar og ferðapjónustu
  - d. Vinnustaðamenningu í íslenski ferðapjónustu
  - e. Gæðamál í markaðssetningu menningar
  - f. Sjálfbæra notkun menningar og menningararfs
8. Viðhorf og upplifun ferðafólks, en í því felst að greina:
- a. Væntingar og kröfur ferðafólks til menningar
  - b. Reynslu þeirra af upplifun og neyslu menningar
  - c. Ferðahegðun – neysla ferðafólks á menningu
  - d. Túlkun og upplifun á menningarverðmætum
  - e. Túlkun og upplifun á markaðssetningu menningar
  - f. Hugmyndir um menningu áfangastaðar
  - g. Tengsl væntinga og upplifana
9. Þolmörk ferðamennsku á öllum helstu áfangastöðum Íslands, en í því felst að skoða:
- a. Áhrif ferðamennsku á umhverfi
  - b. Upplifun ferðamanna á umhverfi
  - c. Mat ósnortinna víðerna
  - d. Kortlagningu og samþætting upplifunar, náttúrufars og grunngerðar
10. Skipulag og stjórnun ferðamennsku, en í því felst að gera:
- a. Landnýtingaráætlun ferðamennsku
  - b. Heildarskipulag friðlýstra svæði m.t.t. ferðamennsku
  - c. Greiningu hagsmunatengsla (e. *complexity of stakeholders*) mismunandi landnýtingar
  - d. Greiningu á gildi landslags fyrir ferðamennsku
  - e. ákvörðunarkerfi til uppbyggingar og stýringar sjálfbærrar ferðamennsku
  - f. Gæðastjórnun í ferðapjónustu
  - g. Umhverfisstjórnun í ferðapjónustu
  - h. Öryggismál í ferðapjónustu

**10. Er eitthvað annað varðandi rannsóknarumhverfi ferðaþjónustunnar sem þið viljið koma á framfæri?**

Ég vil þakka fyrir þetta tækifæri til að fá að koma hugmyndum á framfæri, sem mótast hafa á undanförunum fimm árum um stöðu mála í rannsóknum í ferðamálum. Ég sé þetta sem lið í því að efla ferðaþjónustu á Íslandi og framhald ferlis sem hófst 1999 þegar Rannsóknamiðstöð ferðamála var komið á fót, þá sem Ferðamálasetri Íslands, í samvinnu allra stofnana sem komu að rannsóknum í ferðamálum þá.

Að mínu viti er markmiðið með þeirri vinnu, sem þessi könnun er hluti af, að á Íslandi verði til þekkingargrunnur um ferðamál sem byggir á vönduðum, sjálfstæðum rannsóknum, sem stýrast ekki einvörðungu af hagsmunum ferðaþjónustu á hverjum tíma. Er þannig um að ræða langtíma hugsun sem gerir hagsmunaaðila í ferðamálum hér á landi betur í stakk búna til að takast á við verkefni í dagsins önn.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna